

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík, föstudaginn 5. apríl 2013, kl. 10:00 til 11:45

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands \(Rannís\)](#), formaður nefndarinnar
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Jórunn Harðardóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Hulda Proppé frá [Rannís](#)
- Joan Nymand Larsen frá [Háskólanum á Akureyri](#)

og að auki:

- Jónas Gunnar Allansson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Sólrún Svandal stjórnarráðsfulltrúi í málefnum norðurslóða hjá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Leena-Kaisa Viitanen frá [Arctic Portal](#)
- Jóhann Ásmundsson frá [PAME](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Forföll boðuðu María Harðardóttir frá [Náttúrufræðistofnun Íslands](#) og Þóroddur Sveinsson frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#). Gísli Pálssonar var fjarverandi. Níels Einarsson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er í rannsóknarleyfi.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Norðurslóðadagar 2013 og 2014
2. Áherslur nýrrar NPP-áætlunar
3. Önnur mál.

Þorsteinn Gunnarsson setti fundinn sem var símafundur. Nefndarmenn og gestir, norðan heiða sem sunnan kynntu sig og síðan var gengið til dagskrár.

3. Önnur mál

Byrjað var á liðnum önnur mál þar sem Jónas Gunnar Allansson frá utanríkisráðuneytinu sagði frá nýjustu þróun innan [Norðurskautsráðsins](#).

Ráðherrafundur verður 15. maí í Kiruna í Svíþjóð. Formlegur SAO fundur var í mars sl. Verið er að ganga frá, pólitískri yfirlýsingu, einkonar framtíðarsýn (visionary statement) fyrir Norðurskautsráðið og hefur hún verið í undirbúningi sl. ár.

Stórt pólitískt mál hjá ráðinu er hvernig nálgast á áheyrnaraðildarumsóknir að því. Ýmis ólík lönd hafa sótt um áheyrnaraðild og sum fyrir 6-7 árum.- Stórar skýrslur eru að koma út, t.d. um súrnun hafsins, yfirlit um málefni norður Íshafsins, samkomulag um viðbrögð við mengun o.fl. – Mikill áfangi náðist með stofnun fastaskrifstofunnar í Tromsø, sem áður hefur verið minnst á.

Tillögur hafa komið frá Kanada varðandi þeirra formennsku og nefndi Jónas tvær, annars vegar reglur varðandi farþegaskip og ferðaþjónustu á norðurslóðum og hins vegar viðskiptaráð norðurslóða. Ráðuneytið

er þegar í sambandi við ýmsa íslenska aðila tengdu þessu efni. – Ráðuneytið hefur áhuga á að taka jafnréttismál meira til skoðunar í þessu samhengi og er byrjað að ræða það við Jafnréttisstofu og SVS.

1. Norðurslóðadagar 2013 og 2014

Þorsteinn kynnti Norðurslóðadaginn 2013 og lagði fram drög með hugmyndum sem hann hefur gert í samvinnu við Jón Hauk og Emblu. Reiknað er með að Norðurslóðadagurinn verði í Norræna húsinu fimmtudaginn 14. nóvember 2013. Skipuleggjendur yrðu SUMN, SVS, RANNÍS og Norðurslóðanet Íslands. Þema dagsins yrði: Hvernig eflum við þátttöku íslensks vísindasamfélags í alþjóðlegri samvinnu og stefnumótun um norðurslóðir? Þorsteinn fór í gegnum drögin og lýsti eftir skoðun og hugmyndum frá fundarfólki.

Jón Haukur benti á að viðfangsefnin í drögnum (punktur 1 og 2) voru mjög ofarlega í umræðunni í Nuuk sl. haust. Bent var á að menntun yrði að vera með og að mikið vísindasamstarf kæmi annars staðar frá, ekki allt í gegnum IASC. Einnig var bent á að veðurfræði og haffræði mætti ekki gleyma.

Fram kom að tímalengd fyrirlestra væri kannski of löng. Þetta var aðeins rætt og ákveðið að skoða í samræmi við fjölda fyrirlestra.

Þorsteinn spurði hvort fólk hefði athugasemd við dagsetningu Norðurslóðadagsins, en svo var ekki. Spurði einnig um hvernig þeim litist á að ljúka þessu með „key note“ erindi? Fólk taldi það góða hugmynd, en fyrirlesarinn yrði að vera góður, helst ekki pólitíkus, kannski einhver erlendur aðili sem ætti leið hjá?

Þorsteinn talaði um að kostnaði hafi verið haldið í lágmarki. Taldi að RANNÍS myndi borga leigu á fundarsal. Öðrum kostnaði myndu stofnanirnar skipta á milli sín. Héðinn sagði að nýbúið væri að innrétta fundarsal í Skúlagötu 4, sem mætti e.t.v. skoða.

Þorsteinn sagði að unnið yrði úr athugasemdum sem komið hefðu fram og sent á SUMN fólk og áheyrnaraðila og fleiri sem gætu lagt fram fyrirlestra. Spurði einnig hvort fleiri vildu koma að undirbúningi með þeim þremur og bauð Helgi Jenson sig fram og Jórunn bauðst til að finna einhvern á Veðurstofunni.

Spurt var um útgáfu erinda, en það kostar sitt. Síðast var deginum varpað út (webcam) af Arctic Portal. Helgi taldi hægt að birta erindin á netinu. Embla taldi að þá yrði að fá erindin fyrirfram, það stæði oft í fólk að skila af sér eftir á. Hún taldi líka að biðja ætti AP að senda daginn út.

Lagt er til að Norðurslóðadagur 2014 verði í Nuuk á Grænlandi í september 2014. Þetta er sett á blað til að hægt verði að skipuleggja og fá fjármagn í tíma. Gert er ráð fyrir tveggja daga þverfaglegri ráðstefnu með áherslu á loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra fyrir samfélög, þ.m.t. heilsu, velferð og kynjamál.

Helgi lagði til að góð drög að dagskrá lægju fyrir í september í ár til að hægt sé að gera ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlunum viðkomandi stofnana. Þetta yrði að vinna með Grænlandingum. Embla og Jón Haukur buðust til að taka að sér að sjá um fyrsta undirbúning.

2. Áherslur nýrrar NPP-áætlunar

Þorsteinn kynnti gest fundarins, Sigríði Elínu Þórðardóttur frá [Byggðastofnun](#) sem er að undirbúa nýja NPP (Northern Periphery Programme) áætlun. Ísland hefur tekið þátt í NPP frá 2002, samstarfsverkefni níu landa. Mikill áhugi hefur verið á Íslandi og 47 verkefni með íslenskri þátttöku. Þátttaka dalaði eftir hrún. Nú er unnið að nýrri stefnu fyrir norðurslóðaáætlunina og hefst hún 2014.

Megináherslur NPP eru tvær: annars vegar að efla nýsköpun og samkeppnishæfni svæða, hins vegar sjálfbær þróun auðlinda og samfélaga. Verkefnum er skipt í forverkefni og aðalverkefni. Hámarksstyrkur í forverkefni er 30000 evrur og verða þau oft að aðalverkefnum. Lágmark er að þrjú lönd taki þátt í aðalverkefnum, sem fá styrk frá 250.000 og upp í 600.000 evrur. Mjög fjölbreytt verkefnasvið sem komið

hefur verið að; öldrunarþjónusta, ferðþjónusta, menningarverkefni, skipulagsverkefni o.s.frv. 4000 Íslendingar hafa tekið þátt í þessum 47 verkefnum á einn eða annan hátt.

Sigríður kastaði fram spurningunni um hvort ástæða væri til að SUMN að kæmi inn í NPP norðurslóðaáætlunina? Sigríði finnst ruglingslegt að finna út hverjir eru að vinna í þessum málaflokki. Ljóst að áhersla verður á lítill og meðalstór fyrirtæki, reyna að fá þau með, en hún telur eftirágreiðslu styrkja geta verið hluti af skýringu á að erfitt hefur verið að fá þau með.

Jórunn sagði mörg styrkt verkefni í gangi hjá Veðurstofunni, en NPP er langþunglamalegast í utanumhaldi. Það myndi hjálpa mikið að einfalda reglurnar. NPP verkefnið þeirra heitir [SNAPS](#) og fjallar um snjóflóðaspár og fleira.

Þorsteinn spurði hvaða þekkingu norðurslóðaáætlunin væri á höttunum eftir hjá rannsókn- og stjórnsýslustofnunum á Íslandi. Sigríður sagði erfitt að svara því. Það sem hún vill fá hjálp við er hvað ætti að leggja áherslu á. Þau vilja að út úr verkefnum komi eitthvað áþreifanlegt. Embla taldi að fleiri en þeir sem eiga aðild að SUMN ættu að koma að þessari hugmyndagjöf og jafnvel væri hægt að búa til lítinn hóp sem hefur breitt þekkingarsvið. Þorsteinn taldi að koma mætti á fundum (einn fyrir norðan og annar fyrir sunnan) til að fá sem víðtækastar hugmyndir. Héðinn nefndi rannsóknir á sjávarfallavirkjunum, sem gæti vel fallið að NPP.

Töluvert rætt um upphæð NPP styrksins og hversu mikið fer í utanumhald, bókhald og slíkt.

Sigríður mun senda efni sem dreifa á til SUMNara. Henni var þakkað fyrir komuna og fundi slitið.

Næsti fundir ákveðinn 24. maí 2013 kl. 10:00 og verður símafundur.
